

## **Ofbeldisvarnarnefnd**

Ár 2019, mánudaginn 16. desember, var haldinn 33. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Bárubúð og hófst kl. 14.08. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Diljá Ámundardóttir Zoëga, Örn Þórðarson, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Hildur Guðmundsdóttir og I. Jenný Ingudóttir. Fundinn sat einnig Anna Kristinsdóttir og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Kosning í ofbeldisvarnarnefnd, bréf dags. 22. ágúst, 17. október og 7. nóvember 2019 lögð fram til kynningar.
2. Stýrihópur Saman gegn ofbeldi. Breyting á skipan í hópinn, bréf mannréttindastjóra dags 11. des. 2019, lagt fram til kynningar.
3. Umsögn barnaverndar Reykjavíkur dags. 14. nóvember 2019 lögð fram til afgreiðslu. Ofbeldisvarnarnefnd hafnar tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ný og fjölbreytt úrræði fyrir foreldra barna sem sýna árásgirni og ofbeldi þar sem verið er að setja á fót stofnun um miðlæga þjónustu sem mætir þessari þörf, Samstarfsnetið, ásamt fleiri úrræðum sbr. umsögn Barnaverndarnefndar.
4. Fram fer kynning um aldraða og heimilisofbeldi og tillögur um það hvernig megi sporna gegn því. Sigrún Ingvarsdóttir og Valgerður Jónsdóttir taka sæti undir þessum lið.
5. Bréf, dags. 8. nóvember 2019, um ákvörðun borgarráðs um þátttöku í verkefninu Nordic Safe Cities lagt fram til kynningar.
6. Bréf, dags. 11. desember 2019, um þátttöku formanns ofbeldisvarnarnefndar á fundi Nordic Safe Cities 12. desember 2019 lagt fram til kynningar.
7. Fram fer kosning varaformanns ofbeldisvarnarnefndar. Varaformaður er kosinn Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

### **Fundi slitið kl. 15:40**

Heiða Björg Hilmisdóttir

Diljá Ámundardóttir Zoëga  
Hildur Guðmundsdóttir  
I. Jenný Ingudóttir

Örn Þórðarson  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir